

ORF Líftækni hf
Víkurbær 7
203 KópavogurKópavogur, 17. ágúst 2023
Tilvísun: E47207

Skýrsla send á eftirfarandi netfang:

Eftirlitsskýrsla

Tílefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 16.8.2023
Starfsleyfi: Gildir til 25.9.2029	Starfsemi: Snýrtivöruframleiðsla, verksmiðja
Aðsetur: Víkurbær 7	Kennitala: 4202013540
Fulltrúi (eigandi) fyrirtækis: Hrönn, gæðastjóri ORF	
Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness: Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir, eftirlitsaðili	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafræsti mun eftirlitsskýrslan verða sett inn á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; [www.heilbrigðiseftirlit.is](#).

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti [nr. 550/2018](#) með síðari breytingum. Stuðst var við almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindri reglugerð og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir [nr. 7/1998](#).

Niðurstöður eftirlits

Reglubundið eftirlit í fylgd fulltrúa fyrirtækis. Gengið var um framleiðslu og lager. Öll rými eru aðgangsstýrð.

Í eftirlitinu var sérstaklega litið til *úrgangsmála, efnanotkunar og efnageymslu*.

Úrgangsmál

Úrgangsmál innanhús eru sameiginleg með BIOEFFECT, fyrir utan erfðabreytt bygg sem er fargað í Kólku og með sérstakt leyfi frá UST. Helstu flokkar eru pappír, plast, bylgjupappi, lífrænn úrgangur og efnavöruúrgangur.

Förgun á efnaúrgangi er sameiginleg innanhús, fékkst staðfesting með kvittun fyrir efnaeyðingu hjá fyrirtækjum. Efnaúrgangi er safnað saman á lager á neðri hæð þegar mætt er til þess að sækja úrganginn. Bent er á að hentugast væri að hafa sérstakt kar innanhús þar sem safna mætti efnaúrgangi sem skal fara í förgun og skv. leyfi á að vera sérstök skrá yfir efnaúrgang frá fyrirtæki.

Efnanotkun og geymsla


Í framleiðslusal er sérstakur skápur fyrir geymslu á efnunum. Þau standa öll í bakka og eru lekabyttur undir í hillum. Rýmið er vel loftræst. Engar athugasemdir gerðar.



Spurst var fyrir um hvort væru til staðar viðbragðsáætlanir vegna mengunarslyss (vegna efna). Var í því samtali nefnt að efnamottur væru til staðar en skoða ætti að setja upp sérstakar áætlanir fyrir efnamengunarslysum.

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til Heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi, pósthólf 329, eða á tölvupóstfangið hef@heilbrigðiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,



Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir,
Eftirlitsaðili.